

**From:** Valgerður Freyja Ágústsdóttir  
**Sent:** Wed, 1 Nov 2017 08:50:59 +0000  
**To:** Valgerður Freyja Ágústsdóttir  
**Cc:** Anna Valbjörg Ólafsdóttir;'magnusp@internet.is';'halldora.fridjonsdottir@fjr.is';'dan@akureyri.is';'bodvar.rnb@simnet.is';'birgir.bjorn.sigurjonsson@reykjavik.is';Karl Björnsson;'vidar.helgason@fjr.is'  
**Subject:** Yfirtaka lífeyrisskuldbindinga v hjúkrunarheimila\_ samningur til kynningar  
**Attachments:** Endanlegur samningur BRÚ til kynningar.pdf, Endanlegur samningur LSR og LH til kynningar.pdf  
**Importance:** High

Góðan dag.

Hér að neðan er áriðandi orðsending frá fjármálaráðuneyti til þeirra sveitarfélaga sem í hlut eiga vegna yfirtöku lífeyrisskuldbindinga hjúkrunarheimila vegna framkvæmdar á undirritun samnings. Feitletrun er mín. Í viðhengi eru sýnishorn af samningum til kynningar.

„Samningar milli fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs, og sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga hjúkrunarheimila eru tilbúnir til undirritunar. Samningsgerð hefur farið fram í sérstökum vinnuhópi sem skipaður er fulltrúum fjármála- og efnahagsráðuneytisins og fulltrúum sveitarfélaga í samræmi við verklag sem ákveðið var þar um og byggja annars vegar á samkomulagi ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 28. október 2016 og hins vegar breytingum á forsendum þess sem gerðar voru á því s.l. sumar.

Samningarnir eru eftir atvikum vegna lífeyrisskuldbindinga í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og/eða Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga sem og í Brú lífeyrissjóði. Meðfylgjandi pósti þessum eru til kynningar sýnishorn af samningum sem útbúnir hafa verið fyrir einstök sveitarfélög, annars vegar vegna lífeyrisskuldbindinga í LSR/LH og hins vegar vegna lífeyrisskuldbindinga í Brú lífeyrissjóði. Um er að ræða endanlega samninga sem ekki er gert ráð fyrir breytingum á .

**Samningarnir hafa verið undirritaðir af fjármála- og efnahagsráðherra. Gert er ráð fyrir að sveitarstjórar komi að eigin frumkvæði í húsnæði ráðuneytisins til að undirrita samningana. Æskilegt er að undirritun fari á næstu dögum.** Ef hjúkrunarheimili sveitarfélags hefur sjálfstæðan fjárhag, en er ekki rekið sem deild innan sveitarfélags, þarf forstöðumaður hjúkrunarheimilis jafnframt að undirrita samninginn. Annars undirritar sveitarstjóri fyrir hönd hjúkrunarheimilisins.

Þegar sveitarfélög hafa skrifað undir verða fulltrúar lífeyrissjóða boðaðir til undirritunar og munu lífeyrissjóðirnir þá vinna gögn fyrir endanlegt uppgjör samkvæmt samningum.

**Einhver sveitarfélög hafa ekki skilað inn umboðum sveitarstjórnar vegna samningsgerðar.** Fengu þau tölvupóst frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga með ábendingu þar um í síðustu viku. **Mikilvægt er hlutaðeigandi sveitarstjórar skili inn umboði til ráðuneytis samhliða undirritun samnings.**

Anna Valbjörg Ólafsdóttir og Viðar Helgason í fjármála- og efnahagsráðuneytinu halda utan um samningana í ráðuneytinu.“

Bestu kv. Valgerður